



Alþingi, 15. maí 2019

Utanríkisráðherra
Hr. Guðlaugur Þór Þórðarson
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Utanríkismálanefnd hefur, í samræmi við 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála, fjallað um eftirfarandi gerðir til mats á því hvort efnislegra aðlagana sé þörf:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 um að fella losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun, breytingum á landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til 2030 og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. (ESB) 525/2013 og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 529/2013/ESB (e. LULUCF),
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 um bindandi, árlegan samdrátt aðildarríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2021 - 2030 sem framlag til loftslagsaðgerða til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Effort Sharing Regulation, ESR),
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 um stjórnun orkusambandsins og loftslagsaðgerða, sem breytir reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 663/2009 og (EB) 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/199/EB og 2015/652/ESB og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Governance and Climate Action).

Málin komu til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA og var utanríkismálanefnd upplýst um þau með skeyti frá utanríkisráðuneyti dags. 19. október 2018 ásamt fylgigögnum.

Gerðin hefur fengið efnislega umfjöllun í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd.

Utanríkismálanefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og fylgir þessu bréfi.

Fyrir hönd utanríkismálanefndar,

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
formaður

Afrit sent til:
Fjármála- og efnahagsráðherra

UTANRÍKISMÁLANEFND

Álit

um upptöku eftirfarandi gerða í EES-samninginn:

1) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 um að fella losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun, breytingum á landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til 2030 og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. (ESB) 525/2013 og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 529/2013/ESB (e. LULUCF),

2) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 um bindandi, árlegan samdrátt aðildarríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2021 - 2030 sem framlag til loftslagsaðgerða til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Effort Sharing Regulation, ESR),

3) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 um stjórnun orkusambandsins og loftslagsaðgerða, sem breytir reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 663/2009 og (EB) 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/199/EB og 2015/652/ESB og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Governance and Climate Action).

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Hinn 18. febrúar síðastliðinn óskaði utanríkismálanefnd eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd veitti álit á því hvort efnislegrar aðlögunar væri þörf vegna upptöku framangreindra gerða í EES-samninginn, sbr. 2. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti og Huga Ólafsson og Helgu Barðadóttir frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Gerðirnar eru hluti af orku- og loftslagspakka Evrópusambandsins til ársins 2030. Ísland stefnir á að vera með í markmiði aðildarríkja Evrópusambandsins um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030, miðað við 1990, samkvæmt tilkynningu stjórnvalda um framlag sitt til Parísarsamningsins árið 2015. Í því skyni þarf að fella framangreindar gerðir inn í bókun 31 við samninginn en gerðirnar eru ekki taldar falla undir efnislegt gildissvið EES-samningsins. Hér er eingöngu verið að fjalla um þann hluta reglugerðanna sem snýr að loftslagsmálum.

Að því er varðar stjórnskipuleg álitamál gerðanna kveða þær allar á um eftirlit og framfylgd af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Evrópuþingsins. Aðlaga þarf gerðirnar að tveggja stöða kerfi EES-samningsins með þeim hætti að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sinni því hlutverki gagnvart Íslandi og Noregi. Fyrst og fremst er um að ræða upplýsingagjöf til ESA en einnig að stofnunin geti lagt fyrir aðildarríkin leiðréttingaráætlun ef aðildarríkin uppfylla ekki þau markmið sem þau hafa skuldbundið sig til að ná varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Gerðirnar fela allar í sér breytingar á reglugerð (ESB) nr. 525/2013, um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar. Í reglugerðinni er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins falið t.d. að ákveða efnislegar kröfur skráningarkerfa aðildarríkjanna. Þessi gerð hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Við nánari skoðun kemur þó í ljós að hún hefur verið leidd í íslenskt réttarkerfi með reglugerð nr. 520/2017, um gagnasöfnun og upplýsingagjöf stofnana vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Í 22. gr. reglugerðar nr. 520/2017, sem ber heitið *Innleiðing*, segir að reglugerð (ESB) nr. 525/2013 hafi gildi hér á landi, að undanskildum tilteknum ákvæðum hennar. Reglugerð (ESB) nr. 525/2013 er svo birt í viðauka. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mun reglugerð (ESB) nr. 525/2013 verða tekin upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara en gert er ráð fyrir að ESA hafi eftirlit með framkvæmd hennar. Ástæðan fyrir því að hún var innleidd með reglugerð nr. 520/2017 er samkomulag Íslands við Evrópusambandið um sameiginlegar efnidir á seinna skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar. Í samkomulaginu fólst að Ísland innleiddi reglugerð (ESB) nr. 525/2013.

Nefndin tekur fram að ESB-gerðir verða ekki innleiddar hér á landi nema að undanfarandi upptöku í EES-samninginn. Rétt hefði verið að taka upp reglugerð (ESB) nr. 525/2013 í EES-samninginn í kjölfar samkomulagsins eða samræma íslenskar reglur við efni gerðarinnar.

Nefndin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við upptöku gerðanna í EES-samninginn.

Alþingi, 29. apríl 2019.

Helga Vala Helgadóttir form.
Líneik Anna Sævarsdóttir
Jón Þór Ólafsson
Brynjar Níelsson
Jón Steindór Valdimarsson
Kolbeinn Óttarsson Proppé
Óli Björn Káráson
Þorsteinn Sæmundsson
Þórarinn Ingi Pétursson

Álit

um upptöku eftirfarandi gerða í EES-samninginn:

- 1) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/841 um að fella losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun, breytingum á landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til 2030 og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. (ESB) 525/2013 og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 529/2013/ESB (e. LULUCF),
- 2) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/842 um bindandi, árlegan samdrátt aðildarríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2021-2030 sem framlag til loftslagsaðgerða til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Effort Sharing Regulation, ESR),
- 3) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 um stjórnun orkusambandsins og loftslagsaðgerða, sem breytir reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 663/2009 og (EB) 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/199/EB og 2015/652/ESB og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (e. Governance and Climate Action).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Utanríkismálanefnd hefur óskað eftir álitum umhverfis- og samgöngunefndar á upptöku framangreindra gerða í EES-samninginn, sbr. 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála. Nefndin hefur fjallað um gerðirnar og fengið á sinn fund Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti og Huga Ólafsson og Helgu Barðadóttur frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Gerðirnar eru hluti af orku- og loftslagspakka ESB til ársins 2030. Ísland stefnir á að vera með í markmiði með ESB og aðildarríkjum þess um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030, miðað við 1990, skv. tilkynningu stjórnvalda til Parísarsamningsins árið 2015. Í því skyni þarf að fella framangreindar gerðir inn í bókun 31 við samninginn en gerðirnar eru ekki taldar falla undir efnislegt gildissvið EES-samningsins.

Í reglugerð (ESB) 2018/841 er gert ráð fyrir að Ísland þurfi sérstaka aðlögun vegna þess hve skógar eru lengi að vaxa á Íslandi. Almennt er gert ráð fyrir 20-30 ára vaxtartímabili en í samræmi við loftslagssamning Sameinuðu Þjóðanna hefur Ísland fengið heimild til þess að vaxtartímabil skóga hér á landi sé 50 ár.

Í reglugerð (ESB) 2018/842 er kveðið á um losun utan ETS (viðskiptakerfi með losunarheimildir). Á fundi nefndarinnar kom fram að áætlað er að Ísland fái á sig kröfu um 29% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, með vissum sveigjanleikaákvæðum.

Í reglugerð (ESB) 2018/1999 er kveðið á um auknar kröfur um losunarbókhald og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda. Gert er ráð fyrir aðlögun þar sem þau ákvæði gerðarinnar sem varða orkumál verða ekki tekin upp í EES-samninginn.

Fram kom á fundi nefndarinnar að kveða þurfi á um hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í stað stofnana ESB í samræmi við tveggja stöða kerfi EES-samningsins.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við upptöku gerðanna í EES-samninginn.

Alþingi, 7. mars 2019
Jón Gunnarsson, form.
Ari Trausti Guðmundsson
Fjöltnir Sæmundsson
Hanna Katrín Friðriksson
Helga Vala Helgadóttir
Karl Gauti Hjaltason
Líneik Anna Sævarsdóttir
Vilhjálmur Árnason